

Fréttapistill frá forseta Íslands

25. október 2021

Í nýliðinni viku átti ég reglubundinn fund með Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra. Við ræddum meðal annars stöðu mála í viðræðum fulltrúa stjórnarflokkanna Þriggja, Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, um frekara samstarf.

Rétt er að áréttu að staðan nú er ólík því sem gerist þegar stjórnarflokkar missa meirihluta sinn á þingi að loknum kosningum til Alþingis. Ríkisstjórnir fá ekki umboð til fjögurra ára eingöngu. Ríkisstjórnin hélt velli, forsætisráðherra þurfti ekki að biðjast lausnar fyrir sig og sitt ráðuneyti. Að sama skapi er ekki rétt að líta svo á að nú standi yfir stjórnarmyndunarviðræður í sama skilningi og gerst hefur að loknum kosningum undanfarin ár (2013, 2016 og 2017) og mörg skipti fyrir á tíð þegar ríkisstjórn missti sinn þingmeirihluta að loknum kosningum og þurfti að biðjast lausnar. Þær viðræður, sem nú fara fram, lúta að áframhaldandi samstarfi flokka sem héldu meirihlutafylgi á Alþingi. Því er ekki þörf á afhendingu stjórnarmyndunarumboðs og öðrum atbeina sem fylgir því að stjórn missir sinn þingmeirihluta og verður að biðjast lausnar.

Þessi mál og önnur, sem tengjast stöðu forseta Íslands í stjórnskipun landsins, ræddi ég á fundi með nemum í stjórnskipunarrétti í síðustu viku. Af öðrum viðburðum nýliðinnar viku má nefna ræðu Elizu konu minnar á Kirkjudeginum hér í Bessastaðakirkju, þar sem þess var minnst að 225 ár eru frá vígslu kirkjunnar. Eliza Reid flutti einnig erindi á kvennastund Krafts – Stuðningsfélags fyrir ungt fólk sem hefur greinst með krabbamein og aðstandendur sem haldin var í Hörpu í Reykjavík.

Ég flutti erindi á Sjávarútvegsdeginum sem einnig var haldinn í Hörpu, rifjaði þar upp meginstef í sögu íslenskra landhelgismála og þorskastríðanna hörðu, að strandríki ættu að ráða yfir eigin auðlindum og koma þurfi í veg fyrir að fjarlægir flotar fari ránsendi um fiskimið. Þessi sjónarmið voru göfug þá og gilda enn, nær og fjær.

Þá flutti ég opnunarávarp á málþingi um nýtt rit Baldurs Þórhallssonar, prófessors í stjórn málafræði, og meðhöfunda hans um samskipti Íslendinga við umheiminn fyrir á öldum.

Einnig flutti ég ávarp á námsstefnunni Á vakt fyrir Ísland sem haldin var í Reykjavík. Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna stóð að viðburðinum sem boðað er til annað hvert ár. Í máli mínu minnti ég meðal annars á mikilvægi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, lögreglu og annarra sem voru í framlínusveit á tímum heimsfaraldursins. Færði ég öllu þessu fólki þakkir fyrir fagmennsku, dugnað og seiglu á vandasömum tímum.

Um allt þetta og fleira má fræðast á heimasíðu forsetaembættisins, www.forseti.is.

Góðar stundir.